

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 216/2018****2021/EES/21/09****frá 26. október 2018****um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/970 frá 18. apríl 2018 um breytingu á II., III. og V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 47b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1629) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 L 0970**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/970 frá 18. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 174, 10.7.2018, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2018/970, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 174, 10.7.2018, bls. 15.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.